

Lýsing á ríkisskuldabréfinu RIKB 21 0805



Fjármála- og efnahagsráðuneytið fer með lántökur ríkissjóðs, útgáfu og sölu ríkisverðbréfa á innlendum markaði og aðra skuldaumsýslu fyrir ríkissjóð. Ráðuneytið hefur með heimild í lögum falið Seðlabanka Íslands að annast framkvæmd umræddra verkefna, skv. samningi milli fjármála- og efnahagsráðuneytis og Seðlabanka Íslands um lánaumsýslu ríkissjóðs dags. 29. janúar 2019. Framkvæmd lánamála skal byggð á útgefinni stefnumörkun fjármála- og efnahagsráðuneytisins í lánamálum, í samræmi við fjárlög hverju sinni. Deild Lánamála ríkisins innan Seðlabanka Íslands gefur út ríkisverðbréf f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins í nafni Endurlána ríkissjóðs fyrir reikning og á áhættu ríkissjóðs.



Lýsing á skuldabréfi ríkissjóðs: RIKB 21 0805

Útgefandi	Útgefandi, fyrir hönd ríkissjóðs Íslands, er Endurlán ríkissjóðs, kt. 471283-0459, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík. Sími: 569 9600, heimasíða: www.lanamal.is
Ábyrgð á lýsingu	Endurlán ríkissjóðs bera ábyrgð á lýsingu þessari.
Heimild	Ákveðið hefur verið að selja skuldabréf ríkissjóðs í flokki RIKB 21 0805, og er það gert á grundvelli heimildar í 5. gr. fjárlaga fyrir árið 2019. Sala í flokknum er á grundvelli heimildar í fjárlögum hvers árs.
Útboðsskilmálar	<p>Um útboð á skuldabréfum gilda almennir útboðsskilmálar ríkisskuldabréfa, sem birtir eru á heimasíðu Lánamála ríkisins, nema að annað sé sérstaklega tekið fram hverju sinni.</p> <p>Bréfin verða afhent rafrænt gegn staðgreiðslu, nema að annað sé sérstaklega tekið fram hverju sinni.</p>
Auðkenni	Skuldabréf í flokkurinn verða gefinn út með rafrænum hætti hjá verðbréfamiðstöð í einnar krónu einingum. Skuldabréfin verða gefin út í íslenskum krónum. Lágmarksviðskiptaeining er ein króna að nafnvirði. Auðkenni flokksins er RIKB 21 0805. ISIN númer flokksins er IS0000031482. Skuldabréfaflokkurinn er opin.
Lánstími, vextir og gjalddagar	<p>Vaxtatímabilið er frá 5. ágúst og til og með 4. ágúst næsta árs. Fyrsta vaxtatímabilið er reiknað frá 5. ágúst 2019</p> <p>Vextir eru greiddir eftir á vaxtagjalddaga, einu sinni á ári, þann 5. ágúst ár hvert, í fyrsta skipti þann 5. ágúst 2020. Ef vaxtagjalddagi fellur á helgi eða annan frídag færast greiðsla vaxta til næsta virka dags á eftir, en vaxtatímabilið helst óbreytt. Á vaxtagjalddaga eru greiddir vextir fyrir allt viðkomandi vaxtatímabil óháð því hvenær á tímabilinu útboð skuldabréfa fór fram.</p> <p>Skuldabréfin eru óverðtryggð og bera 3,50% ársvexti.</p> <p>Lokagjalddagi er 5. ágúst 2021. Á lokagjalddaga er síðasta vaxtagreiðslan greidd ásamt nafnvirði bréfsins.</p>
Ávöxtunarkrafa og sölugengi	Ávöxtunarkrafa og sölugengi ákvarðast af markaðsaðstæðum á hverjum tíma.
Réttindadagur	Réttindi handhafa til greiðslu af skuldabréfunum miðast við skráningu á réttindadegi. Réttindadagur er einum bankadegi fyrir gjalddaga og ákvarðast af eigendaskráningu hjá verðbréfamiðstöð að loknu síðasta reglubundna uppgjöri hjá henni á þeim degi.
Skattar	Um skattalega meðferð skuldabréfanna fer eftir skattalögum hverju sinni.
Greiðslufyrirkomulag	Allar greiðslur sem inntar eru af hendi vegna skuldabréfaútgáfunnar skulu fara fram með rafrænum hætti.
Fyrning	Um fyrningu krafna samkvæmt skuldabréfunum fer að lögum um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Dagaregla	Dagaregla við útreikning á virði bréfs og áfallinna vaxta miðast við raundaga/raundaga (e. actual/actual), og verður ICMA aðferð notuð til útreiknings.
Meðferð ágreinings	Um skuldabréfin gilda íslensk lög. Rísi upp mál vegna skuldabréfanna má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur samkvæmt ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
Framsal og eignarheimild	Einungis er heimilt að framselja skuldabréfin til nafngreinds aðila. Skal kennitala fylgja nafni. Reikningsstofnunum, eins og þær eru skilgreindar samkvæmt lögum um rafræna eignaskráningu verðbréfa nr. 131/1997, er einum heimilt að annast milligöngu um framsal á skuldabréfunum. Eignarskráning rafréfa hjá verðbréfamiðstöð, að undangenginni lokafærslu verðbréfamiðstöðvar, veitir skráðum eigenda þeirra lögformlega heimild fyrir þeim réttindum sem hann er skráður eigandi að. Engar aðrar hömlur eru á framsali með skuldabréfin.
Innköllumarákvæði:	Engin innköllumarákvæði eru í skuldabréfunum.
Forkaupsréttur	Enginn forkaupsréttur er í gildi um útgáfu skuldabréfa í skuldabréfaflokkinum.
Skráning	Óskað verður eftir skráningu bréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði.
Umsjónaraðili	Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík, annast útboð skuldabréfaflokksins og skráningu.
Tilgangur útgáfunnar	Tilgangur útgáfunnar er að afla ríkissjóði innlends lánsfjár og bæta vaxtamyndun á innlendum skuldabréfamarkaði.
Viðskiptavakt	Skuldabréfaflokkurinn fellur undir samninga við aðalmiðlara í tengslum við útgáfu ríkisverðbréfa og viðskiptavakt á eftirmarkaði. Stefnt er að viðskiptavakt með skuldabréfaflokkinn um leið og hann verður skráður á skipulegum verðbréfamarkaði.
Hreint verð	Verð á bréfum á skipulegum verðbréfamarkaði skulu vera gefin upp á hreinu verði, þ.e. án vaxta.
Upplýsingar og gögn	Lýsingu á ríkisbréfum RIKB 21 0805 og aðrar upplýsingar og gögn sem tengjast útgáfunni er hægt að nálgast á vefsíðunni www.lanamal.is . Frekari upplýsingar er einnig hægt að fá hjá deild Lánamála ríkisins innan Seðlabanka Íslands.
Túlkun og þýðing	Ef misræmi er milli þessarar lýsingar og undirritaðrar útgáfulýsingar sem skráð er hjá verðbréfamiðstöð skal útgáfulýsingin hjá verðbréfamiðstöð gilda. Ef misræmi er á ensku og íslensku lýsingu þá gildir sú íslenska.